



Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 4. febrúar 2022

Tilvísun: 2202027/0.7.6

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um áhafnir skipa

Landhelgisgæsla Íslands hefur fengið til umsagnar 185. mál, frumvarp til laga um áhafnir skipa.

Landhelgisgæslan telur að það verði til mikillar einföldunar að stofnuninni verði veitt heimild til að ljúka málum er varða brot á tilteknum ákvæðum laganna með stjórnvaldssekt, eins og kveðið er á um í 33. gr. frumvarpsins. Samkvæmt nágildandi lögum eru brot á viðkomandi lögum kærð til lögreglu. Með því að veita stofnuninni heimild til að leggja á stjórnvaldsektir er stuðlað að mun einfaldari málsmeðferð sem felur í sér minni kostnað fyrir málsaðila og tekur málsmeðferð að jafnaði mun skemmri tíma en málsmeðferð fyrir dómstólum. Stjórnvaldsviðurlög eru almennt mun hagkvæmari og skilvirkari leið en dómstólameðferð.

Í 31. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Samgöngustofa og Landhelgisgæsla Íslands skuli hafa eftirlit með að lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra sé fylgt. Til að geta sinnt þessu eftirliti er nauðsynlegt skýrt sé kveðið á um heimild fyrir Landhelgisgæsluna til að fara um borð í skip til eftirlits eins og 3. mgr. 31. gr. kveður á um. Landhelgisgæslan telur að ekki sé rétt að takmarka þessa heimild 3. mgr. 31. gr. við rétt til að kanna lögmati lögskráningar og skilríki um réttindi yfirmanna. Einnig geti til dæmis reynst nauðsynlegt að ganga úr skugga um það að haldnar séu lögboðnar æfingar og þjálfun um borð í skipum. Landhelgisgæsla Íslands leggur því til að við lok 3. mgr. 29. gr. frumvarpsins verði bætt við málsliðnum: sem og að öðrum ákvæðum 29. greinar þessara laga sé framfylgt.

Virðingarfyllst,

Guðríður Margrét Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur